

LEIÐBEININGAR

Læsissáttmáli

HEIMILIS OG SKÓLA



Læsissáttmálinn er leiðarvísir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér sáttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna.

Markmið Læsissáttmálans eru að:

- stuðla að aukinni lestarfærni barna og unglinga með þátttöku og stuðningi foreldra
- kynna fyrir foreldrum um hvað lestrarnám snýst
- gefa foreldrum hugmyndir og góð ráð til að stuðla að læsi barna sinna
- stuðla að samstarfi skóla og foreldra um læsinnám barna
- auka vitund foreldra um ábyrgð þeirra gagnvart læsi og lestrarþjálfun barna sinna

Í Læsissáttmálanum eru kynnt sex áhersluatriði sem fela í sér leiðir til að ná þessum markmiðum. Undirritun sáttmálans er til þess að innsigla viðurkenningu foreldra á mikilvægi þeirra atriða sem sáttmálinn felur í sér og vilja þeirra til að gera sitt besta til að framfylgja þeim. Ekki er um formlegan samning að ræða heldur táknræna leið til að ramma inn umræður. Læsissáttmálinn er ekki tæmandi leiðarvísir og leiðbeiningarnar hér að neðan gefa einungis hugmynd um hvernig er hægt að leggja sáttmálann fyrir foreldrahóp. Hægt er að kynna efni sáttmálans með ýmsu móti.

1 Fundarboðun

Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennari boða sameiginlega til fundar um Læsissáttmála en aðrir foreldrar geta óskað eftir að sáttmálinn sé lagður fyrir foreldrahópinn. Umsjónarkennari tekur oft að sér að stýra fundinum svo bekkjarfulltrúar þurfi ekki að vera í tveimur hlutverkum og geti tekið fullan þátt í umræðum. Fagleg þekking og reynsla kennarans getur einnig komið sér vel og haft góð áhrif á umræðu. Þegar kemur að fundarboði þarf að:

- Ákveða fundartíma og fundarstað.
- Boða til fundarins með góðum fyrirvara, helst 2 - 3 vikna fyrirvara og ítreka fundarboðið þegar nær dregur.
- Gott er að nýta fjölbreyttar leiðir við fundarboð svo það nái til allra. Fundarboð má senda beint heim til foreldra bréfleiðis eða með tölvupósti. Einnig má nýta samfélagsmiðla ef foreldrar eru með hópa þar. Huga þarf að aðgengi foreldra að tölvupósti og einnig er mikilvægt að athuga hvort ástæða sé til að hafa fundarboðið á fleiri tungumálum. Til að tryggja þátttöku sem flestra foreldra má ítreka fundarboðið með persónulegu símtali sem bekkjarfulltrúar gætu tekið að sér að framkvæma.
- Tilgangur fundarins og lengd þarf að koma fram í fundarboði. Gera ætti ráð fyrir um einni klukkustund í fyrirlögn, umræður og undirritun. Ef boðið er upp á kaffihlé og veitingar þarf að lengja tímann sem því nemur.

2

Framkvæmd

- Huga þarf að uppröðun í stofu eða sal. Hentugt er að raða borðum þannig að 4-6 foreldrar sitji saman við borð. Þá er einfalt að skipta í umræðuhópa.
- Ef boðið er upp á kaffi eða aðra hressingu er einfaldast að hafa það á borðum þegar fólkið kemur.
- Hefjið fundinn á því að bjóða fólk velkomið og útskýrið markmið fundarins (sjá inngang að framan).
- Gott er að segja frá því í upphafi að undirritun sáttmálans sé til þess að innsigla viðurkenningu foreldra á mikilvægi þeirra atriða sem sáttmálinn felur í sér og vilja þeirra til að gera sitt besta til að framfylgja þeim. Ekki sé um formlegan samning að ræða heldur táknræna leið til að ramma inn umræður.
- Í upphafi fundar er kjörið að biðja foreldra um að kynna sig og segja hvaða barn þeir eiga í bekknum og biðja fundargesti að skrá nöfn sín á viðverulista svo hægt sé að sjá hverja vantar. Bekkjarfulltrúar eða kennari geta þá sent þeim fundargögn síðar.
- Ítarefni Læsissáttmálans er dreift til allra. Umsjónarkennari/fundarstjóri kynnir hann og fer yfir lið fyrir lið með hliðsjón af ítarefni. Hvatt er til umræðna um hvern lið fyrir sig. Fundarstjóri gætir þess að umræður séu markvissar. Að lokinni yfirferð ræða foreldrar Læsissáttmálann í sínum hópi og gott er að einn úr hópnum sé síðan fenginn til að segja frá helstu atriðum þeirrar umræðu.
- Að lokum er orðið gefið laust um Læsissáttmálann. Spurt er hvort allir geti fallist á að sameinast um þau markmið sem sett eru fram í sáttmálanum og hvort allir séu reiðubúnir að gera sitt besta til að framfylgja þeim. Foreldrar tilgreina samþykki sitt t.d. með handauppréttingu og staðfesta síðan vilja sinn með undirskrift.
- Foreldrar og/eða forráðamenn skrifa undir sáttmálann sem síðan er hengdur upp í skólanum, yfirleitt í skólstofu bekkjarins.

3

Eftirfylgni

- Foreldrar fá eintak af ítarefni Læsissáttmálans.
- Þeir sem komast ekki á fundinn fá ítarefni Læsissáttmálans sent heim ásamt boði um að koma í skólann og skrifa nafn sitt á sáttmálann.
- Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennari geta minnt reglulega á Læsissáttmálann í tengslum við ákveðna atburði í skólanum eða félagslíf bekkjarins. Kjörrið er að minna á mikilvægi þess að viðhalda lestri í fríum, svo sem jóla-, páska- og sumarfríum. Einnig er upplagt að vekja athygli foreldra á Læsissáttmálanum þegar umræður eða viðburðir eru í samfélaginu um lestur og læsi.

